

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/73/23

frá 4. júlí 2005

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar byggingarhlutakerfi kæligeymsla og byggingarhlutakerfi fyrir hjúpflæti kæligeymsla (\*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1961)

(2005/484/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur<sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar framkvæmdastjórnin velur á milli aðferðanna tveggja, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE, við að staðfesta samræmi vöru skal velja ódýrustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða ákveðins vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og nægilegt skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum samþykks vottunaraðila af ástæðum er varða samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE.

2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkur og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE, er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipunina. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt, að því er varðar hverja vöru eða hvern vöruflokk, þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE, svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og í öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. liðar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. liðar í III. viðauka með stöðugu eftirliti.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í I. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandinn starfrækir, þátttöku samþykks vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 173, 6.7.2005, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 19.10.2006, bls. 14.

(1) Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

2. gr.

Tilgreina skal aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi eins og fram kemur í II. viðauka, í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. júlí 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Günter VERHEUGEN

*varaforseti.*

---

*I. VIÐAUKI*

Byggingarhlutakerfi kæligeymsla og byggingarhlutakerfi fyrir hjúpleti kæligeymsla:

— Til notkunar í byggingaframkvæmdum.

*II. VIÐAUKI*

*Athugasemd:* Þegar um er að ræða vörur sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda, sem eru tilgreind fyrir eftirtalda vöruhópa, annast samþykktur aðili öll þau verkefni sem rekja má til viðkomandi kerfa til staðfestingar á samræmi.

**BYGGINGARHLUTAKERFI KÆLIGEYMSLA OG BYGGINGARHLUTAKERFI FYRIR HJÚPFLETI  
KÆLIGEYMSLA**

**Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki (EOTA) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglu um evrópskt tæknisamþykki:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Byggingarhlutakerfi kæli-geymsla og byggingarhlutakerfi fyrir hjúpleti kæli-geymsla	Í byggingaframkvæmdum	—	1

1. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, 1-lið 2. liðar III. viðauka, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjalinu). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.